

sitt við veitingu ættleiðingarleyfis 11. maí 1977 til handa meðstefnda Garðari G. Viborg.

Af þessum sökum ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Þórhildur Línal, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins og Garðar G. Viborg, skulu vera sýknaðir af kröfu stefnanda, Noah Samuel Hardy, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 254/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Hirti Óskarssyni

Ómerking. Heimvísun. 183. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu hefur af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar til ómerkingar með áfrýjunarstefnu 27. júní sl.

Í ákæruskjali, sem rakið er í héraðsdómi, er ákærða gefið að sök, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiða í tvö skipti, 29. október og 30. desember 1983. Héraðsdómari hefur einungis dæmt um fyrra tilvikið, en vikur ekki að hinu síðara. Vegna þessa galla á málsmeðferðinni verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Mál þetta er dæmt í Hæstarétti samkvæmt 183. gr. laga nr. 74/1974, án þess að málflutningur hafi farið fram.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar í héraði að nýju.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1984.

Ár 1984, föstudaginn 10. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 56/1984: Ákærvaldið gegn Hirti Óskarssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. janúar 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Hirti Óskarssyni, verkamanni, Skálagerði 7, Reykjavík, fæddum 2. október 1961 þar í borg, fyrir að aka, tvisvar sinnum á árinu 1983, undir áhrifum áfengis, eftirgreindum bifreiðum í Reykjavík, svo sem rakið verður:

1. Laugardaginn 29. október, bifreiðinni R-25536 frá veitingahúsinu Klúbbnum, Borgartúni 32, að Langholtsvegi 111, en þar hafði lögreglan afskipti af honum, að loknum akstri.

2. Föstudaginn 30. desember, bifreiðinni R-38945 frá sama veitingahúsi áleiðis að Stórholti 29, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Kringlumýrarbraut.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Málavextir.

Laugardaginn 29. október 1983, klukkan 4:30, veittu lögreglumenn atygli bifreiðinni R-25536, þar sem hún var við hús nr. 111 við Langholtsveg. Bifreiðin var kyrrstæð og vél hennar í gangi. Áfengisþef lagði frá ákærða, sem var í bifreiðinni. Hann kvaðst hafa drukkið úr einu glasi af brennivíni fyrir akstur. Farið var með hann á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem honum var tekið blóð klukkan 04:59.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn farið á veitingahúsið Klúbbinn. Þar drakk hann vín, en taldi sig ekki finna til áfengisáhrifa. Hann var á leið heim til sín, þegar lögreglan hafði afskipti af honum.

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á blóðsýni því, er ákærða var tekið, reyndist magn alkóhóls í því vera 0.89‰.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og þar er rétt heimfært til refsíákvæða.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 18 daga í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt frá 10. janúar 1984 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfi til bráða-brigða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hjörtur Óskarsson, greiði 15.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 18 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10. janúar 1984.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 87/1984. **Yngvi R. Loftsson og**

Hrefna Jakobsdóttir

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Útgerðarfélagi Akureyringa h/f

(Gunnar Sólmes hrl.)

og Elíasi Elíassyni, skiptaráðanda á

Akureyri, f.h. þrotabús Hafnarbúðarinnar h/f

(Enginn)

Fjárnámsgerð. 20. gr. laga nr. 20/1923.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.